

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/43/EB

2008/EES/78/30

frá 17. maí 2006

um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE(*)

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum g-lið 2. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna¹,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans²,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sem stendur er þess krafist í fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð⁽³⁾, sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga⁽⁶⁾ að ársreikningar eða samstæðureikningar séu endurskoðaðir af einum eða fleiri aðilum sem hafa réttindi til að annast slíka endurskoðun.
- 2) Mælt er fyrir um skilyrði fyrir viðurkenningu einstaklinga, sem falið er að annast lögboðna endurskoðun reikningsskila, í áttundu tilskipun ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmælt endurskoðun bókhaldsgagna⁽⁷⁾.
- 3) Ástæðan fyrir tillögu framkvæmdastjórnarinnar í orðsendingu hennar frá 1998 um lögboðna endurskoðun í Evrópusambandinu: leiðir fram á við⁽⁸⁾ um stofnun endurskoðunarnefndar, sem gæti unnið að frekari aðgerðum í nánú samstarfi við fagaðila í endurskoðun og aðildarríkin, var sú að á skorti samræmdar aðferðir í lögboðinni endurskoðun í Bandalaginu.
- 4) Á grundvelli vinnu þessarar nefndar gaf framkvæmdastjórnin út tilmæli, 15. nóvember 2000, um gæðatryggingu lögboðinnar endurskoðunar í Evrópusambandinu: lágmarkskröfur⁽⁹⁾ og, 16. maí 2002, tilmæli um óhæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu: Grundvallarreglur⁽¹⁰⁾.
- 5) Með þessari tilskipun er stefnt að mikilli — en þó ekki fullkominni — samræmingu krafna um lögboðna endurskoðun. Aðildarríki sem gerir kröfu um lögboðna endurskoðun er heimilt að setja strangari kröfur nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.
- 6) Líta ber á menntun og hæfi í endurskoðun sem endurskoðendur hafa öðlast á grundvelli þessarar tilskipunar sem jafngilda. Þess vegna ættu aðildarríkin ekki lengur að geta krafist þess að meiri hluti atkvæðisréttar í endurskoðunarfyrirtæki skuli vera í höndum endurskoðenda, sem eru viðurkenndir á hverjum stað, eða að meirihluti þeirra, sem eru í stjórn eða framkvæmdastjórn endurskoðunarfyrirtækis, skuli vera viðurkenndir á hverjum stað.
- 7) Við lögboðna endurskoðun er þörf á fullnægjandi þekkingu á málum á borð við félagarétt, skattalög og félagsmálalöggjöf. Þessa þekkingu ber að prófa áður en unnt er að viðurkenna endurskoðanda frá öðru aðildarríki.
- 8) Í því skyni að vernda þriðju aðila skulu allir viðurkenndir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skráð í skrá sem almenningur hefur aðgang að og hefur að geyma grunnupplýsingar um endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 30.

(¹) Stjtið. ESB C 157, 28.6.2005, bls. 115.

(²) Álit Evrópuþingsins frá 28. september 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2006.

(³) Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

(⁴) Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

(⁵) Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

(⁶) Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/51/EB.

(⁷) Stjtið. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.

(⁸) Stjtið. EB C 143, 8.5.1998, bls. 12.

(⁹) Stjtið. EB L 91, 31.3.2001, bls. 91.

(¹⁰) Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 22.

- 9) Endurskoðendur skulu fylgja ströngustu siðareglum. Þeir skulu því hlíta siðareglum starfsstéttar sem ná a.m.k. til starfa þeirra sem varða hagsmuni almennings, ráðvendni þeirra og hlutlægni og starfshæfni og tilhlýðilegrar kostgæfni. Það að endurskoðendur sinna störfum sem varða hagsmuni almennings felur í sér að allur almenningur og stofnanir reida sig á að störf endurskoðenda séu unnin af kostgæfni. Fyrsta flokks endurskoðun stuðlar að réttri starfsemi markaða þar sem hún eykur ráðvendni og skilvirkni í reikningsskilum. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir um siðareglur starfsstéttar sem lágmarksviðmiðanir. Jafnframt getur hún tekið tillit til meginreglnanna sem er að finna í siðareglum Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC).
- 10) Mikilvægt er að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki virði friðhelgi viðskiptavina sinna. Þeir skulu því vera bundnir af ströngum reglum um trúnaðarkvöð og þagnarskyldu sem skulu þó ekki koma í veg fyrir fullnægjandi framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Þessar reglur um trúnaðarkvöð skulu einnig gilda um hvern þann endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinnur ekki lengur að sérstöku endurskoðunarverkefni.
- 11) Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skulu vera óháð þegar þau annast lögboðna endurskoðun. Þau geta tilkynnt aðilum sem eru endurskoðaðir um málefni sem koma upp við endurskoðunina en skulu halda sig frá innri ákvarðanatöku hjá aðilanum sem er endurskoðaður. Ef þeir komast í þær aðstæður að óhæði þeirra sé ógnað verulega, jafnvel eftir að gerðar hafa verið verndarráðstafanir til að draga úr þessari ógnun, skulu þeir segja sig frá endurskoðunarverkefninu eða taka það ekki að sér. Sú niðurstaða að tengsl séu fyrir hendi, sem rýra óhæði endurskoðanda, getur verið mismunandi allt eftir því hvers konar samband er milli endurskoðandans og aðilans sem er endurskoðaður eða milli netsins og aðilans sem er endurskoðaður. Ef samvinnufélag, í skilningi 14. mgr. 2. gr. eða sambærilegur aðili, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE verður eða er heimilað, samkvæmt innlendum ákvæðum, að vera aðili að endurskoðunarfyrtæki, sem er ekki rekið í hagnaðarskyni, myndi hlutlægur, sanngjarn og upplýstur aðili ekki komast að þeirri niðurstöðu að félagatengsl tefldu óhæði endurskoðanda í tvísýnu að því tilskildu að þegar slíkt endurskoðunarfyrtæki framkvæmir lögboðna endurskoðun hjá einum félagsaðila sinna beiti það meginreglum um óhæði gagnvart endurskoðendunum sem annast endurskoðunina og gagnvart þeim einstaklingum sem geta verið í slíkri stöðu að þeir hafi áhrif á lögboðnu endurskoðunina. Dæmi um ógnun við óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis geta verið beinir eða óbeinir fjárhagslegir hagsmunir í aðilanum sem er endurskoðaður og veiting viðbótarþjónustu sem ekki felur í sér endurskoðun. Einnig getur fjárhæð þóknana, sem endurskoðandi móttækur frá aðila sem er endurskoðaður og/eða samsetning þóknanna, ógnað óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Meðal verndarráðstafana, sem beita skal til að draga úr eða upp-ræta slíkar ógnanir, eru bönn, takmarkanir, önnur stefnumál og starfshættir og birting upplýsinga. Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ættu að neita að taka að sér nokkra viðbótarþjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, sem rýrir óhæði þeirra. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir um óhæði sem lágmarksviðmiðanir. Samhliða því getur framkvæmdastjórnin tekið tillit til meginreglnanna sem er að finna í framangreindum tilmælum frá 16. maí 2002. Til að unnt sé að ákvarða óhæði endurskoðenda verður merking hugtaksins „net“, sem endurskoðendur starfa innan að vera skýr. Í þessu tilliti verður að taka mið af ýmsum aðstæðum, s.s. tilvikum þegar skilgreina mætti visst skipulag sem net vegna þess að það miðar að hagnaðarhlutdeild eða hlutdeild í kostnaði. Viðmiðunin sem er höfð til að sýna fram á að um net sé að ræða skal vegin og metin á grundvelli allra fánlegra staðreynda um aðstæðurnar, s.s. hvort þar fyrirfinnist einhverjir fastir viðskiptavinir sem eru sameiginlegir.
- 12) Þegar um er að ræða eigin athugun eða eigin hagsmuni þar sem viðeigandi er að vernda óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis skal það fremur vera í höndum aðildarríkis en endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins að ákveða hvort endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið á að hætta eða segja sig frá endurskoðunarverkefnum hjá viðskiptavinum sínum. Þetta skal þó ekki leiða til þess að aðildarríkin séu almennt skuldbundin til að koma í veg fyrir að endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki veiti viðskiptavinum sínum, sem þeir endurskoða, aðra þjónustu en endurskoðun. Til að ákvarða hvort rétt sé, þegar um er að ræða eigin hagsmuni eða eigin athugun, að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki annist ekki lögboðna endurskoðun, til að vernda óhæði endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins, skal m.a. taka tillit til þátta á borð við það hvort endurskoðuð fyrirtæki, sem varða hagsmuni almennings, haf gefið út framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga.⁽¹⁾
- 13) Mikilvægt er að tryggja samfelld fyrsta flokks gæði í allri lögboðinni endurskoðun sem krafist er samkvæmt lögum Bandalagsins. Öll lögboðin endurskoðun skal því fara fram á grundvelli alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða þessa staðla í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾. Tækninefnd eða endurskoðunarhópur skal aðstoða framkvæmdastjórnina við mat á tæknilegum gæðum allra alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og skal einnig nýta sér kerfi opinberra eftirlitsaðila í aðildarríkjunum. Til að hámarkssamræming náist skal aðildarríkjunum ekki

(1) Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

heimilt að innleiða viðbótaraðferðir eða -kröfur um innlenda endurskoðun nema þær leiði af sérstökum kröfum innlendra laga sem tengjast sviði lögboðinnar endurskoðunar á ársreikningum eða samstæðureikningum að svo miklu leyti sem þessar kröfur er ekki að finna í samþykktum alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Aðildarríki gætu haldið áfram að nota þessar viðbótaraðferðir við endurskoðun þar til endurskoðunaraðferðirnar eða kröfurnar hafa verið felldar undir alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem verða samþykktir síðar. Ef í samþykktu, alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum eru endurskoðunaraðferðir sem myndu stangast sérstaklega á við innlend lög, vegna sérstakra innlendra krafna sem tengjast sviði lögboðinnar endurskoðunar, geta aðildarríkin undanskilið þann hluta alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanna sem árekstrinum veldur, svo fremi að slíkur árekstur hafi orðið og að því tilskildu að ráðstöfunum, sem um getur í 3. mgr. 26. gr., sé beitt. Hvers konar viðbót eða niðurfelling af hálfu aðildarríkjanna skal stuðla að verulega auknum trúverðugleika ársreikninga hjá félögum og þjóna hagsmunum almennings. Það sem að framan greinir felur í sér að aðildarríkin geti t.d. gert kröfu um viðbótarskýrslu endurskoðanda til eftirlitsstjórnar eða mælt fyrir um aðrar kröfur í skýrslugerð og endurskoðun sem byggjast á innlendum reglum um stjórnarhætti fyrirtækja.

- 14) Til þess að framkvæmdastjórnin geti samþykkt alþjóðlegan endurskoðunarstaðal, sem beita skal í Bandalaginu, verður hann að vera almennt viðurkenndur á alþjóðavettvangi og þróaður með fullri þátttöku allra hagsmunaaðila, sem fylgja opnu og gagnsæju verklagi, auka trúverðugleika og gæði ársreikninga og samstæðureikninga og þjóna hagsmunum almennings í Evrópu. Meta skal þörfina á að samþykkja alþjóðlegar verklagsreglur við endurskoðun sem hluta staðals í samræmi við ákvörðun 1999/468/EB í hverju tilviki fyrir sig. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að áður en samþykktarferlið hefst fari fram athugun til þess að sannreyna að þessar kröfur hafi verið uppfylltar og fulltrúar í nefndinni, sem stofnuð er samkvæmt þessari tilskipun, fái skýrslu um niðurstöðu athugunarinnar.
- 15) Þegar um er að ræða samstæðureikninga er mikilvægt að ábyrgð hvers og eins endurskoðanda, sem endurskoðar einingar samstæðunnar, sé skýrt skilgreind. Í þessu skyni skal endurskoðandi samstæðunnar bera fulla ábyrgð á áritun endurskoðanda.
- 16) Til að auka samanburðarhæfi milli félaga sem nota sömu reikningsskilastaðla og efla tiltrú almennings á endurskoðunarstarfinu getur framkvæmdastjórnin samþykkt sameiginlega áritun endurskoðanda vegna ársreikninga eða samstæðureikninga sem gerð eru á grundvelli viðurkenndra, alþjóðlegra reikningsskilastaðla nema við-

eigandi staðall fyrir slíka áritun hafi verið samþykktur á vettvangi Bandalagsins.

- 17) Reglubundið eftirlit er góð aðferð til þess að ná miklum gæðum samfelt í lögboðinni endurskoðun. Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skulu því vinna eftir gæðatryggingarkerfi sem er þannig uppbyggt að það sé óháð endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjunum sem athuguð eru. Að því er varðar beitingu 29. gr. um gæðatryggingarkerfi geta aðildarríki ákveðið að ef einstakir endurskoðendur hafa sameiginlega gæðatryggingarstefnu sé aðeins þörf á að taka tillit til krafna varðandi endurskoðunarfyrirtækin. Aðildarríkin geta skipulagt gæðatryggingarkerfi á þann hátt að fram fari gæðaeftirlit með sérhverjum endurskoðanda a.m.k. á sex ára fresti. Þess vegna skal fjármögnun gæðatryggingarkerfisins vera án nokkurra ótilhlýðilegra áhrifa. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til þess að samþykkja framkvæmdarráðstafanir í málefnum sem tengjast skipulagi gæðatryggingarkerfa og í tengslum við fjármögnun þeirra í þeim tilvikum sem tiltrú almennings á gæðatryggingarkerfunum hefur beðið alvarlegan hnekki. Opinber eftirlitskerfi aðildarríkjanna skulu hvött til þess að finna samræmda leið til að annast gæðaeftirlit í því skyni að forðast að leggja óþarfa byrðar á þá aðila sem hlut eiga að máli.
- 18) Rannsóknir og viðeigandi viðurlög stuðla að því að koma í veg fyrir og leiðrétta það þegar lögboðin endurskoðun er ófullnægjandi.
- 19) Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki bera ábyrgð á því að sinna vinnu sinni með tilhlýðilegri kostgæfni og ættu því að bera ábyrgð á fjárhagslegu tjóni sem skortur á tilhlýðilegri kostgæfni veldur. Getu endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja til að fá starfsábyrgðartryggingu getur verið undir því komin hvort þau séu með ótakmarkaða fjárhagslega skaðabótaábyrgð. Sjálf hyggst framkvæmdastjórnin skoða þessi mál með það í huga að fyrirkomulag skaðabótaábyrgðar er mjög mismunandi í aðildarríkjunum.
- 20) Aðildarríkin skulu skipuleggja skilvirkt kerfi fyrir opinbert eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum á grundvelli eftirlits í heimalandi. Tilhögun reglusetningar fyrir opinbert eftirlit ætti að stuðla að skilvirkri samvinnu á vettvangi Bandalagsins að því er varðar eftirlitsstarfsemi í aðildarríkjunum. Opinbera eftirlitskerfinu skal vera stýrt af endurskoðendum, sem ekki starfa sem endurskoðendur, og hafa þekkingu til að bera á sviðum sem tengjast lögboðinni endurskoðun. Þessir endurskoðendur, sem ekki starfa sem endur-

skoðendur, geta verið sérfræðingar sem hafa aldrei tengst endurskoðunarfaginu eða endurskoðendur sem eru hættir störfum. Aðildarríkin geta þó heimilað minni hluta starfandi endurskoðenda að taka þátt í stjórnun opinbera eftirlitskerfisins. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu starfa saman þegar nauðsyn krefur svo að þau geti sinnt eftirlitsskyldum sínum vegna endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem þau hafa viðurkennt. Slíkt samstarf getur verið mikilvægur áfangi til að tryggja stöðugt fyrsta flokks gæði í lögboðinni endurskoðun í Bandalaginu. Vegna þess að nauðsynlegt er að tryggja skilvirkt samstarf og samhæfingu innan Evrópu meðal lögbærra yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna skal tilnefning eins aðila, sem ber ábyrgð á því að tryggja samstarf, vera með fyrirvara um að hvert og eitt yfirvald geti haft beint samstarf við önnur lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum.

- 21) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 3. mgr. 32. gr. um meginreglur við opinbert eftirlit verður endurskoðandi, sem ekki starfar við endurskoðun, að hafa þekkingu til að bera á sviðum sem tengjast lögboðinni endurskoðun annaðhvort vegna fyrri faglegrar þekkingar eða, að öðrum kosti, vegna þess að hann hefur þekkingu á a.m.k. einu af þeim málefnum sem fram koma í 8. gr.
- 22) Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal tilnefnt á hluthafafundi hluthafa eða félagsmanna aðilans sem er endurskoðaður. Til að vernda óhæði endurskoðandans er mikilvægt að aðeins sé mögulegt að segja honum upp ef gildir ástæður eru fyrir því og ef tilkynnt er um þessar ástæður til þess yfirvalds eða yfirvalda sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti.
- 23) Vegna þess að fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings, eru sýnlegri og mikilvægari efnahagslega skulu strangari kröfur gilda um lögboðna endurskoðun ársreikninga þeirra eða samstæðureikninga.
- 24) Endurskoðunarnefndir og skilvirk innri eftirlitskerfi stuðla að því að lágmarka fjárhagslega áhættu, rekstrarlega áhættu, áhættu vegna þess að ekki er farið að reglum og auka gæði reikningsskila. Aðildarríkin geta tekið mið af tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnarmanna, sem ekki eru framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnarmenn í skráðum félögum, og stjórnarnefnda (eftirlitsstjórnarnefndir)⁽¹⁾ þar sem sett er fram hvernig koma skal á fót endurskoðunarnefndum og hvernig þær skulu starfa. Aðildarríkin geta tekið ákvörðun um það að þau störf, sem falin eru endurskoðunarnefnd eða aðila sem hefur með höndum sambærileg störf, megi stjórnin eða eftirlitsstjórnin í heild hafa með höndum. Að því er varðar

skyldur endurskoðunarnefndarinnar skv. 41. gr. skal endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið ekki á neinn hátt vera undir stjórn nefndarinnar.

- 25) Aðildarríkin geta einnig ákveðið að undanþiggja fyrirtæki, sem varða hagsmuni almennings og eru fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu með framseljanleg verðbréf sín skráð á skipulegan markað, frá kröfunni um að hafa endurskoðunarnefnd. Með þessum möguleika er tekið tillit til þess að þegar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu starfar eingöngu í þeim tilgangi að fjárfesta sameiginlega með fjármagni hentar ekki alltaf að hafa endurskoðunarnefnd starfandi. Ekki er hægt að bera reikningsskil og tengda áhættu saman við það sem gildir um önnur fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings. Verðbréfasjóðir (UCITS) og rekstrarfélög þeirra starfa þar að auki í umhverfi með strangt skilgreindum reglum og um þá gilda sérstakar stjórnunaraðferðir s.s. eftirlit sem vörsluadili þeirra annast. Aðildarríkjunum skal heimilt, í þeim tilteknu tilvikum þegar um er að ræða fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem eru ekki samræmd skv. tilskipun 85/611/EBE⁽²⁾ en sem um gilda jafngildar verndarráðstafanir eins og kveðið er á um í þeirri tilskipun, að kveða á um jafna meðferð og gildir um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem er samræmd innan Bandalagsins.
- 26) Til að styrkja óhæði endurskoðenda fyrirtækja sem varða hagsmuni almennings skal skipta reglulega um aðalendurskoðanda eða –skoðendur þessara fyrirtækja. Til að skipuleggja þessi reglulegu skipti skulu aðildarríkin gera kröfu um að skipt sé um aðalendurskoðanda eða –skoðendur fyrirtækja, en samt sem áður heimila endurskoðunarfyrirtækinu, sem aðalendurskoðandinn eða -endurskoðendurnir tengjast, að halda áfram að vera sá endurskoðandi sem endurskoðar þetta fyrirtæki. Ef aðildarríki telur rétt að krefjast þess að skipt sé um endurskoðunarfyrirtæki til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að getur það krafist þess, með fyrirvara um 2. mgr. 42. gr.
- 27) Innbyrðis tengsl fjármagnsmarkaða undirstrika þörfina á að tryggja einnig hágæðavinnu af hálfu endurskoðenda frá þriðju löndum í tengslum við fjármagnsmarkað Bandalagsins. Því skal skrá endurskoðendurna sem um ræðir til að þeir lúti gæðaeftirliti og til að þeir falli undir rannsóknarkerfi og viðurlög. Unnt skal vera að veita gagnkvæmar undanþágur að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi, í samstarfi við aðildarríkin, athugað hvort kerfin séu jafngild. Aðili sem hefur gefið út framseljanleg verðbréf á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB skal í öllum tilvikum vera endurskoðaður af endur-

(¹) Stjótið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51.

(²) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) (Stjótið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjótið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

skaðanda, sem er annaðhvort skráður í aðildarríki eða er undir eftirliti lögbærra yfirvalda í þriðja landi sem endurskoðandinn kemur frá, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin eða aðildarríki hafi viðurkennt að fyrrgreint þriðja land uppfylli kröfur sem jafngilda Bandalagskröfum á sviði meginreglna um eftirlit, gæðatryggingarkerfi og kerfi rannsókna og viðurlega og að grundvöllurinn að þessu fyrirkomulagi sé gagnkvæmni. Þótt eitt aðildarríki geti talið að gæðatryggingarkerfi þriðja lands sé jafngilt sínu skulu önnur aðildarríki ekki vera bundin því að samþykka slíkt mat né heldur skal þetta hafa fyrirfram áhrif á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

- 28) Vegna þess hve flókin endurskoðun alþjóðlegra samstæðna er nauðsynlegt að gott samstarf sé á milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og lögbærra yfirvalda í þriðju löndum. Aðildarríkin skulu því tryggja að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti haft aðgang að vinnuskjólum fyrir endurskoðunina og að öðrum skjólum fyrir milligöngu innlendra lögbærra yfirvalda. Til þess að vernda réttindi þeirra aðila sem hlut eiga að máli og um leið auðvelda aðgang að þessum skjólum og gögnum ber að heimila aðildarríkjunum að veita lögbærum yfirvöldum í þriðju löndum beinan aðgang að þeim með fyrirvara um samþykki innlends opinbers yfirvalds. Eitt þeirra viðmiða sem skiptir máli þegar aðgangur er veittur er hvort lögbær yfirvöld í þriðju löndum uppfylla kröfur sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að séu fullnægjandi. Þangað til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun þar að lútandi geta aðildarríkin metið hvort kröfurnar séu fullnægjandi án þess að það hafi áhrif á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.
- 29) Birting upplýsinga, sem vísað er til í 36. og 47. gr., skal vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga til þriðju lands, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾.

- 30) Samþykka skal nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB og að teknu tilhlýðilegu tilliti til yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar á Evrópuþinginu 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu.

- 31) Frá því að fyrstu drög að breytingum og framkvæmdaráðstöfunum eru send skal Evrópuþingið hafa þrjá mánuði til að kynna sér þau og láta álit sitt í ljós. Í áriðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal þó vera unnt að stytta þennan frest. Ef Evrópuþingið samþykkir ályktun innan þessa frests skal framkvæmda-

stjórnin endurskoða drögin að breytingum eða ráðstöfunum.

- 32) Vegna þess að aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar svo viðunandi sé – en þau eru krafan um notkun eins safns alþjóðlegra endurskoðunarstaðla, endurnýjun menntunarkrafna, skilgreining á siðareglum starfsstéttarinnar og tæknileg framkvæmd á samstarfi lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og slíkra yfirvalda og yfirvalda í þriðju löndum í því skyni að stuðla enn frekar að og samræma gæði lögboðinnar endurskoðunar í Bandalaginu og auðvelda samstarf milli aðildarríkja og við þriðju lönd til að styrkja tiltrú á lögboðinni endurskoðun – og að vegna umfangs og áhrifa þessarar tilskipunar er auðveldara að ná þeim á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.
- 33) Með það fyrir augum að auka gagnsæi í tengslum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og aðilans sem er endurskoðaður skal breyta tilskipun 78/660/EBE og 83/349/EBE þannig að gerð sé krafa um að upplýst sé um þóknun fyrir endurskoðun og þóknun sem greidd er fyrir aðra þjónustu en endurskoðun í skýringum við ársreikninga og samstæðureikninga.
- 34) Fella ber úr gildi tilskipun 84/253/EBE vegna þess að í henni eru ekki heildarreglur til að tryggja að meginreglur endurskoðunar séu viðunandi, s.s. opinbert eftirlit, aga-viðurlagakerfi og gæðatryggingarkerfi og vegna þess að í henni er ekki kveðið sérstaklega á um samstarf í reglu-setningu milli aðildarríkjana og þriðju lands. Í því skyni að tryggja réttaröryggi er augljós þörf á að gefa til kynna að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni, sem eru viðurkennd samkvæmt tilskipun 84/253/EBE, teljist viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun eru settar reglur um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „lögboðin endurskoðun“: endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikninga að því marki sem krafist er í lögum Bandalagsins,
2. „endurskoðandi“: einstaklingur sem lögbær yfirvöld aðildarríkis hafa heimilað að annast lögboðna endurskoðun í samræmi við þessa tilskipun,
3. „endurskoðunarfyrtæki“: lögaðili eða annar aðili, óháð lagalegu formi hans, sem lögbær yfirvöld aðildarríkis hafa heimilað að annast lögboðna endurskoðun í samræmi við þessa tilskipun,
4. „endurskoðunaraðili í þriðja landi“: aðili, óháð lagalegu formi hans, sem annast endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikninga félags sem er lögaðili í þriðja landi,
5. „endurskoðandi í þriðja landi“: einstaklingur sem annast endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikninga félags sem er lögaðili í þriðja landi,
6. „endurskoðandi samstæðu“: endurskoðandi eða endurskoðendur eða eitt eða fleiri endurskoðunarfyrtækis sem annast lögboðna endurskoðun samstæðureikninga,
7. „net“: öll sú heild sem:
 - miðar að samstarfi og sem endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis tilheyri og
 - miðar greinilega að hagnaðar- eða kostnaðarskiptingu eða sameiginlegu eignarhaldi hluta, sameiginlegum yfirráðum eða stjórn, sameiginlegri stefnu í gæðastjórnun og –aðferðum, sameiginlegri viðskiptastefnu, notar sameiginlegt vörumerki eða samnýtir umtalsverðan hluta faglegra úrræða,
8. „eignatengsl endurskoðunarfyrtækis“: sérhvert fyrirtæki, óháð lagalegu formi þess, sem tengist endurskoðunarfyrtækis með sameiginlegu eignarhaldi, yfirráðum eða stjórn,
9. „áritun endurskoðanda“: skýrslan sem um getur í 51. gr. a í tilskipun 78/660/EBE og 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE sem gefin er út af endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis,
10. „lögbær yfirvöld“: yfirvöld eða stofnanir sem er falið, samkvæmt lögum, að setja reglur um og/eða hafa eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum eða sérstökum þáttum þar að lútandi; ef vísað er til „lögbærs

yfirvalds“ í sérstakri grein þýðir það að vísað er til þess yfirvalds eða stofnunar/stofnana sem bera ábyrgð á störfum sem um getur í þeirri grein,

11. „alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar“: alþjóðlegir staðlar um endurskoðun (ISA) og tengdar yfirlýsingar og staðlar að því marki sem þau tengjast lögboðinni endurskoðun,
12. „alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“: alþjóðareikningsskilastaðlar (IAS), IFRS-staðlar og túlkanir sem tengjast þeim (SIC-IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomnir staðlar og túlkanir, sem tengjast þeim, sem gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB),
13. „fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings“: fyrirtæki sem heyra undir lög aðildarríkis og eru með framseljanleg verðbréf skráð á skipulegan markað í einhverju aðildarríkjanna, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana⁽¹⁾ og váttryggingafélög í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE. Aðildarríkin geta einnig tilnefnt aðra aðila sem fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings, t.d. aðila sem eru mjög mikilvægir almenningi vegna þess hvers eðlis reksturinn er, vegna stærðar eða vegna fjölda starfsmanna,
14. „samvinnufélag“: evrópskt samvinnufélag eins og það er skilgreint í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykkt fyrir evrópskt samvinnufélag (SCE)⁽²⁾, eða sérhvert annað samvinnufélag sem krafist er lögboðinnar endurskoðunar á samkvæmt lögum Bandalagsins, s.s. lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB og váttryggingafélög í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE,
15. „endurskoðandi sem ekki starfar sem endurskoðandi“: sérhver einstaklingur sem hefur ekki, í a.m.k. þrjú ár áður en hann hóf þá áttöku í stjórnun opinberra eftirlitskerfa, annast lögboðna endurskoðun, haft atkvæðisrétt í endurskoðunarfyrtækis, verið félagi í stjórn eða framkvæmdastjórn endurskoðunarfyrtækis og hefur ekki verið í starfi hjá endurskoðunarfyrtækis eða tengst því á annan hátt,

(1) Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/29/EB (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 50).

(2) Stjtið. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 1.

16. „aðalendurskoðandi eða –endurskoðendur“:

- a) endurskoðandi eða endurskoðendur, sem endurskoðunarfyrtækni tilnefnd til að sinna tilteknu endurskoðunarverkefni, sem bera aðalábyrgð á því að annast lögboðnu endurskoðunina af hálfu endurskoðunarfyrtækis eða
- b) ef um er að ræða endurskoðun samstæðu, a.m.k. sá endurskoðandi eða endurskoðendur, sem endurskoðunarfyrtækni tilnefnd til að bera aðalábyrgð á lögboðnu endurskoðuninni hjá samstæðunni og sá endurskoðandi eða endurskoðendur, sem eru tilnefndir til að bera aðalábyrgð hjá helstu dótturfélögum, eða
- c) endurskoðandi eða endurskoðendur sem undirrita áritun endurskoðenda.

II. KAFLI

VIÐURKENNING, SÍMENNTUN OG GAGNKVÆM VIÐURKENNING

3. gr.

Viðurkenning endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja

1. Einungis endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækni, sem eru viðurkennd í aðildarríkinu, sem gerir kröfu um lögboðna endurskoðun, skulu annast lögboðna endurskoðun.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á viðurkenningu endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja.

Lögbær yfirvöld geta verið fagleg samtök, að því tilskildu að þau heyri undir opinbert eftirlitskerfi eins og kveðið er á um í VIII. kafla.

3. Með fyrirvara um ákvæði 11. gr. geta lögbær yfirvöld aðildarríkjanna einungis viðurkennt, sem endurskoðendur, einstaklinga sem uppfylla a.m.k. skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. og 6.–10. gr.

4. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta einungis viðurkennt, sem endurskoðunarfyrtækni, þau fyrirtæki sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) einstaklingar, sem annast lögboðna endurskoðun fyrir hönd endurskoðunarfyrtækis, verða að uppfylla a.m.k. þau skilyrði sem sett eru samkvæmt ákvæðum 4. gr. og 6.–12. gr. og þeir verða að vera viðurkenndir endurskoðendur í aðildarríkinu sem um er að ræða,
- b) meirihluti atkvæðisréttar í fyrirtæki verður að vera í höndum endurskoðunarfyrtækis sem er viðurkennt í einhverju aðildarríkjanna eða einstaklinga sem uppfylla að lágmarki þau skilyrði sem sett eru samkvæmt ákvæðum 4. gr. og 6.–12. gr. Aðildarríkjnum er heimilt að kveða á um

að önnur aðildarríki verði einnig að hafa viðurkennt þessa einstaklinga. Að því er varðar lögboðna endurskoðun samvinnufélaga og sambærilegra fyrirtækja, sem um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, er aðildarríkjnum heimilt að setja önnur sérákvæði í tengslum við atkvæðisrétt,

- c) meirihluti stjórnarmanna, eða allt að 75% að hámarki, í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis verður að vera fulltrúar endurskoðunarfyrtækja sem eru viðurkennd í einhverju aðildarríkjanna eða einstaklingar sem uppfylla að lágmarki þau skilyrði sem sett eru samkvæmt ákvæðum 4. gr. og 6.–12. gr. Aðildarríkjnum er heimilt að kveða á um að önnur aðildarríki verði einnig að viðurkennt þessa einstaklinga. Ef í slíkri stjórn eru ekki fleiri en tveir stjórnarmenn verður annar þeirra að uppfylla a.m.k. skilyrðin í þessum lið,
- d) fyrirtækið verður að uppfylla skilyrðið sem sett er í 4. gr.

Aðildarríkjnum er einungis heimilt að setja viðbótarskilyrði í tengslum við c-lið. Þessi skilyrði skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðin sem stefnt er að og skulu ekki ganga lengra en bráðnaúðsynlegt er.

4. gr.

Góður orðstír

Lögbærum yfirvöldum aðildarríkis er einungis heimilt að viðurkenna einstaklinga eða fyrirtæki sem hafa góðan orðstír.

5. gr.

Afturköllun viðurkenningar

1. Afturkalla skal viðurkenningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis ef góður orðstír einstaklingsins eða fyrirtækisins hefur beðið verulega hnekki. Aðildarríkjnum er þó heimilt að kveða á um hóflegan frest í því skyni að kröfur um góðan orðstír verði uppfylltar.

2. Afturkalla skal viðurkenningu endurskoðunarfyrtækis ef eitthvert skilyrðanna, sem sett eru í b- og c-lið 4. mgr. 3. gr., er ekki lengur uppfyllt. Aðildarríkjnum er þó heimilt að kveða á um hóflegan frest í því skyni að kröfur um góðan orðstír verði uppfylltar.

3. Ef viðurkenning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis er af einhverjum ástæðum afturkölluð skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem viðurkenningin er afturkölluð tilkynna viðeigandi lögbærum yfirvöldum í þeim aðildarríkjum þar sem endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið eru einnig viðurkennd, og sem skráð eru í skrá fyrstnefnda aðildarríkisins, í samræmi við c-lið 1. mgr. 16. gr., um það og um ástæður afturköllunarinnar.

6. gr.

Menntun og hæfi

Með fyrirvara um ákvæði 11. gr. má einungis veita einstaklingi leyfi til að annast lögboðna endurskoðun eftir að hann hefur náð því stigi, eða sambærilegu stigi, að geta hafð nám í háskóla, síðan lokið námi í fræðilegri kennslu, farið í verklega þjálfun og staðist próf á lokastigi í háskóla eða sambærilegu prófstigi í faglegri hæfni sem viðkomandi aðildarríki skipuleggur eða viðurkennir.

7. gr.

Próf í starfshæfni

Prófið í starfshæfni, sem um getur í 6. gr., skal tryggja að þekking sé á nægilega háu stigi í greinum sem tengjast lögboðinni endurskoðun og hæfni til að beita þessari þekkingu í starfi. Þetta próf skal a.m.k. að hluta vera skriflegt.

8. gr.

Próf í fræðilegri þekkingu

1. Í prófinu skal kanna fræðilega þekkingu einkum í eftirfarandi greinum:

- a) almennri reikningsskilafræði og –reglum,
 - b) lagakröfum og stöðlum sem tengjast gerð ársreikninga og samstæðureikninga,
 - c) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum,
 - d) fjárhagsgreiningu,
 - e) kostnaðar- og rekstrarbókhaldi,
 - f) áhættustjórnun og innra eftirliti,
 - g) endurskoðun og faglegri hæfni,
 - h) lagakröfum og faglegum stöðlum sem tengjast lögboðinni endurskoðun og endurskoðendum,
 - i) alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum,
 - j) siðfræði starfsstéttar og óhæði.
2. Það skal einnig ná yfir a.m.k. eftirfarandi greinar að því marki sem þær skipta máli við endurskoðun:
- a) félagarétt og stjórnarhætti fyrirtækja,
 - b) lög um gjaldþrotaskipti og sambærilega málsmeðferð,
 - c) skattalög,

- d) einkamála- og verslunarrétt,
- e) lög um almannatryggingar og vinnulöggjöf,
- f) upplýsingatækni og tölvukerfi,
- g) viðskiptafræði, þjóðhagfræði og fjármálhagfræði,
- h) stærðfræði og tölfræði,
- i) grundvallarreglur í fjármálastjórn fyrirtækja.

3. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., getur framkvæmdastjórnin gert breytingar á því hvaða greinar skulu vera í prófinu um fræðilega þekkingu sem um getur í 1. mgr. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar framkvæmdarráðstafanir skal hún taka tillit til þróunar í endurskoðun og starfsgrein endurskoðenda.

9. gr.

Undanþágur

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. gr. er aðildarríki heimilt að kveða á um að einstaklingur, sem hefur staðist háskólapróf eða sambærilegt próf eða er með háskólagráðu eða sambærilega menntun í einni eða fleiri af þeim greinum, sem um getur í 8. gr., geti fengið undanþágu frá því að gangast undir próf í fræðilegri þekkingu á þeim greinum sem slíkt próf eða gráða tekur til.

2. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er aðildarríki heimilt að kveða á um að sá, sem er með háskólapróf eða sambærilega menntun í einni eða fleiri af þeim greinum, sem um getur í 8. gr., geti fengið undanþágu frá því að gangast undir próf sem metur hæfni til að beita fræðilegri þekkingu hans eða hennar í slíkum greinum í starfi ef sá einstaklingur hefur fengið starfsþjálfun í þessum greinum sem er vottuð með prófi eða prófskírteini sem ríkið viðurkennir.

10. gr.

Starfsþjálfun

1. Til þess að tryggja hæfni til að beita fræðilegri þekkingu sinni í starfi, en sá þáttur er hluti af prófinu, skal starfsnemi ljúka a.m.k. þriggja ára starfsþjálfun m.a. í endurskoðun ársreikninga, samstæðureikninga eða sambærilegum reikningsskilum. Ljúka skal a.m.k. tveimur þriðju af slíkri starfsþjálfun hjá endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem hafa verið viðurkennd í einhverju aðildarríkjanna.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að öll þjálfun fari fram hjá einstaklingum sem sýna fram á nægar tryggingar fyrir því að þeir hafi getu til að veita starfsþjálfun.

11. gr.

Hæfni vegna áralangrar starfsreynslu

Aðildarríki getur viðurkennt einstakling sem endurskoðanda, sem uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. gr., ef hann getur annaðhvort sýnt fram á :

- a) að hann hafi í 15 ár stundað starfsemi sem hefur gert honum kleift að öðlast næga reynslu á sviði fjármála, laga og reikningsskila og hafi staðist starfshæfnisprófið sem um getur í 7. gr. eða
- b) að hann hafi í sjö ár stundað starfsemi á þessum sviðum og hafi því til viðbótar hlotið starfsþjálfun, sem um getur í 10. gr., og staðist starfshæfnispróf sem um getur í 7. gr.

12. gr.

Samþætt starfsreynsla og fræðileg kennsla

1. Aðildarríki geta kveðið á um að tímabil í fræðilegri kennslu, á þeim sviðum sem um getur í 8. gr., skuli teljast til tímabila þegar stunduð er starfsemi sem um getur í 11. gr. að því tilskildu að þessi kennsla sé staðfest með prófi sem ríkið viðurkennir. Þessi kennsla skal ekki vara skemur en eitt ár og hún má heldur ekki stytta tímabil þegar starfsemi er stunduð um meira en fjögur ár.

2. Tímabilið þegar starfsemi er stunduð og starfsþjálfun fer fram skal ekki vera skemmra en námið í fræðilegri kennslu og starfsþjálfunin, sem krafist er skv. 10. gr., samanlagt.

13. gr.

Símenntun

Aðildarríki skulu tryggja að endurskoðendur séu skyldaðir til að taka þátt í viðeigandi símenntunaráætlunum í því skyni að halda fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum á nægilega háu stigi og ef þeir virða ekki kröfurnar um símenntun gilda um það viðeigandi viðurlög, eins og um getur í 30. gr.

14. gr.

Viðurkenning endurskoðenda frá öðrum aðildarríkjum

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu fastsetja málsmeðferð fyrir viðurkenningu endurskoðenda sem hafa verið viðurkenndir í öðrum aðildarríkjum. Þessi málsmeðferð skal ekki ganga lengra en krafan um að standast hæfnispróf í samræmi við 4. gr. í tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur í a.m.k. þrjú ár⁽¹⁾. Hæfnisprófið, sem skal fara fram á einu af þeim tungumálum sem leyfð eru í reglum um tungumál í aðildarríkjunum sem um ræðir, skal einungis ná til fullnægjandi þekkingar endurskoðenda á lögum og reglugerðum í því aðildarríki að því marki sem það skiptir máli fyrir lögboðna endurskoðun.

III. KAFLI

SKRÁNING

15. gr.

Opinber skráning

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki séu skráð í opinbera skrá í samræmi við 16. og 17. gr. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin ákveðið að beita ekki kröfunum, sem mælt er fyrir um í þessari grein og 16. gr., varðandi upplýsingagjöf en þó aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að draga úr yfirvofandi, verulegri ógnun við persónulegt öryggi sérhvers einstaklings.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að allir endurskoðendur og öll endurskoðunarfyrirtæki séu auðkennd með sérstöku númeri í opinberu skránni. Skráningarupplýsingar skulu geymdar í skránni á rafrænu formi og almenningur skal hafa rafrænan aðgang að þeim.

3. Í opinberu skránni skal einnig koma fram nafn og heimilisfang lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á viðurkenningu, skv. 3. gr., á gæðatryggingu sem um getur í 29. gr., á rannsóknnum og viðurlögum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja sem um getur í 30. gr. og á opinberu eftirliti sem um getur í 32. gr.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að opinbera skráin sé að öllu leyti komin í notkun eigi síðar en 29. júní 2009.

(¹) Stjótið. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB (Stjótið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).

16. gr.

Skráning endurskoðenda

1. Að því er varðar endurskoðendur skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar vera í opinberu skránni:

- a) nafn, heimilisfang og skráningarnúmer,
- b) ef við á, nafn, heimilisfang, veffang vefsíðunnar og skráningarnúmer endurskoðunarfyrtækisins eða –fyrtækjanna þar sem endurskoðandinn starfar eða sem hann tengist sem meðeigandi eða á annan hátt,
- c) öll önnur skráning eða skráningar, sem endurskoðandi hjá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og sem endurskoðandi í þriðju löndum, þ.m.t. nafn eða nöfn skráningaryfirvaldsins eða –yfirvaldanna og skráningarnúmer, ef við á.

2. Endurskoðendur í þriðju löndum, sem eru skráðir í samræmi við 45. gr., skulu skýrt tilgreindir sem slíkir í skránni en ekki sem endurskoðendur.

17. gr.

Skráning endurskoðunarfyrtækja

1. Að því er varðar endurskoðunarfyrtæki skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar vera í opinberu skránni:

- a) nafn, heimilisfang og skráningarnúmer,
- b) rekstrarform að lögum,
- c) upplýsingar um tengilið, aðaltengilið og veffang vefseturs þar sem við á,
- d) heimilisfang hjá öllum skrifstofum í aðildarríkinu,
- e) nafn og skráningarnúmer allra endurskoðenda sem starfa hjá endurskoðunarfyrtækinu eða eru tengdir því sem meðeigendur eða á annan hátt,
- f) nöfn og fyrirtækisheimilisföng allra eigenda og hluthafa,
- g) nöfn og fyrirtækisheimilisföng allra félaga í stjórn og framkvæmdastjórn,
- h) ef við á aðild að neti og skrá yfir nöfn og heimilisföng aðildar- og eignatengdra fyrirtækja eða tilgreining á því hvar almenningur hefur aðgang að slíkum upplýsingum,
- i) öll önnur skráning eða skráningar sem endurskoðunaraðili hjá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og sem endurskoðunarfyrtæki í þriðju löndum, þ.m.t. nafn eða nöfn skráningaryfirvaldsins eða –yfirvaldanna og skráningarnúmer ef við á.

2. Endurskoðunaraðilar í þriðju löndum, sem eru skráðir í samræmi við 45. gr., skulu skýrt tilgreindir sem slíkir í skránni en ekki sem endurskoðunarfyrtæki.

18. gr.

Uppfærsla á skráningarupplýsingum

Aðildarríki skulu tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki tilkynni lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á opinberu skránni, án ónaúðsynlegra tafa, um allar breytingar á upplýsingum sem er að finna í opinberu skránni. Skráin skal uppfærð án ónaúðsynlegra tafa eftir að tilkynningin berst.

19. gr.

Ábyrgð á skráningarupplýsingum

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skal undirrita upplýsingarnar sem veittar eru viðkomandi lögbærum yfirvöldum í samræmi við 16., 17. og 18. gr. Ef lögbæra yfirvaldið gefur kost á að nálgast upplýsingarnar rafrænt er það t.d. hægt með því að nota rafræna undirskrift eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ⁽¹⁾.

20. gr.

Tungumál

1. Upplýsingarnar, sem færðar eru í opinberu skrána, skulu ritaðar á einu af þeim tungumálum sem leyfð eru í gildandi reglum um tungumál í aðildarríkinu sem um er að ræða.

2. Enn fremur geta aðildarríkin heimilað að upplýsingarnar séu skráðar í opinberu skrána á hvaða öðru opinberu tungumáli eða –málum Bandalagsins sem er. Aðildarríkin geta krafist þess að þýðing upplýsinganna sé staðfest. Í öllum tilvikum skal aðildarríkið, sem um er að ræða, tryggja að það komi fram í skránni hvort þýðingin sé staðfest eða ekki.

IV. KAFLI

SIDAREGLUR STARFSSTÉTTAR, ÓHÆDI, HLUTLÆGNI, TRÚNAÐARKVAÐIR OG ÞAGNARSKYLDA

21. gr.

Síðareglur starfsstéttar

1. Aðildarríki skulu tryggja að allir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki hlíti síðareglum starfsstéttar, sem ná a.m.k. til starfa þeirra í þágu almennings, ráðvendni þeirra og hlutlægni, sem og starfshæfni og tilhlýðilegrar kostgæfni.

(¹) Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

2. Til að tryggja tiltrú á endurskoðunarstarfinu og til að tryggja samræmda beitingu 1. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem byggjast á meginreglum varðandi siðareglur starfsstéttar.

22. gr.

Óhæði og hlutlægni

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar endurskoðandi og/eða endurskoðunarfyrtæki annast lögboðna endurskoðun séu þau óháð aðilinum sem er endurskoðaður og taki ekki þátt í ákvarðanatöku aðilans sem er endurskoðaður.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki annast ekki lögboðna endurskoðun ef einhver bein eða óbein fjárhags-, rekstrar-, atvinnutengsl eða önnur tengsl, þ.m.t. að veita viðbótarþjónustu sem ekki felst í endurskoðun, eru milli endurskoðandans, endurskoðunarfyrtækisins eða netsins og aðilans sem er endurskoðaður og hlutlægur, óvilhallur og upplýstur þriðji aðili myndi komast að þeirri niðurstöðu að endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið biði hnekki af þessum tengslum. Ef óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis er ógnað vegna, t.d. eigin athugunar, eigin hagsmuna, fyrirsvars, vinfengis eða trausts eða þvingunar verður endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið að beita verndarráðstöfunum til þess að draga úr þessari ógnun. Ef ógnun er slík, samanborið við verndarráðstafanir sem beitt er, að óhæði endurskoðandans sé stefnt í hættu skal endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið ekki annast lögboðna endurskoðun.

Auk þess skulu aðildarríkin tryggja að þegar um er að ræða lögboðna endurskoðun fyrirtækja sem varða hagsmuni almennings, og í þeim tilvikum sem rétt er að vernda óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, skal endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki ekki annast lögboðna endurskoðun þegar um er að ræða eigin athugun eða eigin hagsmuni.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skjalfesti í vinnuskjölum við endurskoðunina allar alvarlegar ógnanir gagnvart óhæði sínu og einnig verndarráðstafanir sem beitt er til að draga úr ógnuninni.

4. Til að tryggja tiltrú á endurskoðunarstarfinu og til að tryggja samræmda beitingu 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem byggjast á meginreglum varðandi:

- a) ógnanir og verndarráðstafanir sem um getur í 2. mgr.,
- b) aðstæður þar sem ógnanir eru svo alvarlegar, eins og um getur í 2. mgr., að óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis er stefnt í voða,

- c) tilvik um eigin athugun eða eigin hagsmuni, sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr., þar sem má eða má ekki framkvæma lögboðna endurskoðun.

23. gr.

Trúnaðarkvaðir og þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allar upplýsingar og skjöl, sem endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur aðgang að þegar þau annast lögboðna endurskoðun, séu vernduð samkvæmt fullnægjandi reglum um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu.

2. Reglur um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu í tengslum við endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki skulu ekki koma í veg fyrir að ákvæðum þessarar tilskipunar sé framfylgt.

3. Ef endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki kemur í stað annars endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis skal fyrri endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið veita hinum nýja endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um fyrirtækið sem endurskoðað er.

4. Að því er varðar endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, sem tekur ekki lengur þátt í tilteknu endurskoðunarverkefni og fyrrum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, skulu ákvæði 1. og 2. mgr. áfram gilda um þá vegna þessa endurskoðunarverkefnis.

24. gr.

Óhæði og hlutlægni endurskoðanda sem annast lögboðna endurskoðun fyrir hönd endurskoðunarfyrtækja

Aðildarríkin skulu tryggja að eigendur eða hluthafar endurskoðunarfyrtækis, svo og stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn slíks fyrirtækis eða eignatengds fyrirtækis blandi sér ekki í framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á nokkurn þann hátt að það stofni í hættu óhæði og hlutlægni endurskoðandans sem annast lögboðnu endurskoðunina fyrir hönd endurskoðunarfyrtækisins.

25. gr.

Þóknun vegna endurskoðunar

Aðildarríkin skulu tryggja að fullnægjandi reglur séu fyrir hendi þar sem kveðið er á um eftirfarandi vegna þóknunar fyrir lögboðna endurskoðun:

- a) að veiting viðbótarþjónustu til aðilans, sem er endurskoðaður, hafi ekki áhrif á hana eða hún ákvarðist af slíku,
- b) að hún megi ekki grundvallast á neins konar skilyrðingu.

V. KAFLI

27. gr.

**ENDURSKOÐUNARSTAÐLAR OG ÁRITUN
ENDURSKOÐANDA**

26. gr.

Endurskoðunarstaðlar

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki annast lögboðna endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Aðildarríkjunum er heimilt að beita innlendum endurskoðunarstaðli svo fremi að framkvæmdastjórnin hafi ekki samþykkt alþjóðlegan endurskoðunarstaðal sem nær yfir sama efni. Birta skal samþykktu alþjóðlega endurskoðunarstaðla í heild sinni í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins.

2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., getur framkvæmdastjórnin ákveðið notkunargildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla í Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin skal því aðeins samþykkja alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana til notkunar í Bandalaginu að þeir:

- a) hafi verið þróaðir eftir réttu og tilhlýðilegu ferli, opinberu eftirliti og gagnsæi og séu almennt viðurkenndir á alþjóðavísu,
- b) stuðli að fyllsta trúverðugleika og gæðum á ársreikningum eða samstæðureikningum í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/660/EBE og í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 83/349/EBE og
- c) þjóni hagsmunum almennings í Evrópu.

3. Aðildarríki geta innleitt aðferðir eða kröfur um endurskoðun til viðbótar við – eða, í undantekningartilvikum, með því að fella brott að hluta – alþjóðlega endurskoðunarstaðla en þó því aðeins að þeir eigi rætur að rekja til sérkrafna í innlendum lögum sem tengjast gildissviði lögboðinnar endurskoðunar. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar endurskoðunaraðferðir og –kröfur samræmist ákvæðunum sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 2. mgr. og þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um þær áður en þær eru samþykktar. Í þeim undantekningartilvikum þegar hlutar alþjóðlegs endurskoðunarstaðals eru felldir brott skulu aðildarríki tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna um sérkröfur í innlendum lögum og um ástæður þess að þeim er haldið inni a.m.k. sex mánuðum áður en þeir eru samþykktir í hverju ríki eða, ef um er að ræða kröfur sem voru fyrir hendi þegar alþjóðlegi endurskoðunarstaðallinn var samþykktur, eigi síðar en þremur mánuðum eftir að viðkomandi alþjóðlegur endurskoðunarstaðall hefur verið samþykktur.

4. Aðildarríkin geta innleitt viðbótarkröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga á tímabili sem nær til 29. júní 2010.

Lögboðin endurskoðun á samstæðureikningum

Aðildarríkin skulu tryggja að þegar um er að ræða lögboðna endurskoðun samstæðureikninga fyrir fyrirtækjasamstæðu:

- a) beri endurskoðandi samstæðunnar fulla ábyrgð á áritun endurskoðanda í tengslum við samstæðureikningana,
- b) annast endurskoðandi samstæðu athugun og haldi saman gögnum um athugun sína á endurskoðunarvinnunni sem endurskoðandi eða endurskoðendur í þriðja landi, endurskoðandi eða endurskoðendur, endurskoðunaraðili eða -aðilar eða endurskoðunarfyrtæki í þriðja landi inna af hendi að því er varðar endurskoðun samstæðunnar. Gagnsafnið sem endurskoðandi samstæðunnar heldur utan um skal vera þannig að viðkomandi lögbæru yfirvaldi sé kleift að skoða vinnu endurskoðanda samstæðunnar til hlítar,
- c) þegar hluti fyrirtækjasamstæðu er endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðendum eða endurskoðunaraðila eða –aðilum frá þriðja landi, sem ekki eru með samstarfs-samning eins og um getur í 47. gr., ber endurskoðandi samstæðunnar ábyrgð á því að tryggja rétta afhendingu gagna um endurskoðunarvinnu endurskoðanda eða endurskoðanda frá þriðja landi eða endurskoðunaraðila, þegar farið er fram á slíkt, til opinberu eftirlitsyfirdanna, þ.m.t. vinnuskjöl sem snerta endurskoðun samstæðunnar. Til að tryggja afhendinguna skal endurskoðandi samstæðunnar halda eftir afriti af gögnum eða að öðrum kosti semja við endurskoðanda eða endurskoðendur eða endurskoðunaraðila í þriðja landi um að hann hafi greiðan og ótakmarkaðan aðgang ef farið er fram á það eða gera aðrar viðeigandi ráðstafanir. Ef lagalegar hömlur eða aðrar hömlur koma í veg fyrir að vinnuskjöl um endurskoðun séu send frá þriðja landi til endurskoðanda samstæðunnar skulu vera sannanir til staðar í gögnum sem endurskoðandi samstæðunnar geymir um að hann hafi beitt réttum aðferðum til þess að fá aðgang að endurskoðunargögnum og ef um er að ræða hömlur, sem eru ekki lagalegar og eru til komnar vegna landslaga, skulu einnig vera sannanir um slíkar hömlur.

28. gr.

Áritun endurskoðanda

1. Ef endurskoðunarfyrtæki annast lögboðna endurskoðun skal a.m.k. endurskoðandinn eða endurskoðendurnir, sem annast lögboðnu endurskoðunina af hálfu endurskoðunarfyrtækisins, skrifa undir áritun endurskoðanda. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin kveðið á um að ekki sé nauðsynlegt að þessi undirskrift sé gerð opinber almenningi ef slíkar upplýsingar gætu haft í för með sér yfirvofandi og verulega ógnun gagnvart persónulegu öryggi einstaklingsins. Viðkomandi lögbærum yfirvöldum skal í öllum tilvikum vera kunnugt um nafn eða nöfn þeirra einstaklinga sem um er að ræða.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 51. gr. a í tilskipun 78/660/EBE getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. í þessari tilskipun, ef hún hefur ekki samþykkt sameiginlegan staðal um áritun endurskoðanda, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. í þessari tilskipun, samþykkt sameiginlegan staðal um áritun endurskoðanda vegna ársreikninga og samstæðureikninga sem hafa verið gerð í samræmi við viðurkennda alþjóðlega reikningsskilastaðla, í því skyni að auka tiltrú almennings á starfi endurskoðanda.

VI. KAFLI

GÆDATRYGGING

29. gr.

Gæðatryggingarkerfi

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að allir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki vinni eftir gæðatryggingarkerfi sem uppfyllir a.m.k. eftirfarandi viðmiðanir:

- a) gæðatryggingarkerfið skal þannig uppbyggt að það sé óháð endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjunum sem eru athugaðir og það sé háð opinberu eftirliti eins og kveðið er á um í VIII. kafla,
- b) fjármögnun gæðatryggingarkerfisins skal vera tryggð og óháð hvers konar mögulegum ótilhlýðilegum áhrifum frá endurskoðendum eða endurskoðunarfyritækjum,
- c) gæðatryggingarkerfið skal hafa fullnægjandi fjármagn á bak við sig,
- d) einstaklingarnir sem annast gæðaeftirlit skulu hafa nægilega menntun í faginu og viðeigandi reynslu í lögboðinni endurskoðun og reikningsskilum ásamt með sérstakri þjálfun í gæðaeftirliti,
- e) val á skoðunarmanni til sérstakra verkefna við gæðaeftirlit skal fara fram í samræmi við hlutlæga aðferð sem miðar að því að tryggja að ekki séu neindir hagsmunarárekstrar milli skoðunarmannanna og endurskoðandans eða endurskoðunarfyritækisins sem er í athugun,
- f) gæðaeftirlitið, sem er byggt á fullnægjandi prófunum á völdum endurskoðunargögnum, skal fela í sér mat á því hvort farið sé að viðeigandi endurskoðunarstödlum og óhæðiskröfur uppfylltar, á umfangi og gæðum tilfanga til verksins, á þóknun fyrir endurskoðun og á gæðum innra eftirlitskerfisins í endurskoðunarfyritækinu,
- g) gera skal gæðaeftirlitinu skil í skýrslu þar sem fram koma helstu niðurstöður gæðaeftirlitsins,
- h) gæðaeftirlit skal fara fram a.m.k. á sex ára fresti,

- i) birta skal árlega heildarárangur gæðatryggingarkerfisins,
- j) endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal fylgja eftir ráðleggingum gæðaeftirlitsins innan hæfilegra tímamarka.

Ef ráðleggingunum, sem um getur í j-lið, er ekki fylgt eftir skal endurskoðandinn, eða endurskoðunarfyritækið, ef við á, látinn sæta agaráðstöfunum eða viðurlögum sem um getur í 30. gr.

2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdaráðstafanir í því skyni að auka tiltrú almennings á starfi endurskoðanda og tryggja samræmda beitingu ákvæða a- og b-liðar og e- til j-liðar í 1. mgr.

VII. KAFLI

RANNSÓKNIR OG VIÐURLÖG

30. gr.

Rannsóknar- og viðurlagakerfi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi séu skilvirk rannsóknar- og viðurlagakerfi til að finna, leiðrétta og koma í veg fyrir ófullnægjandi framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar.

2. Með fyrirvara um fyrirkomulag einkaréttarábyrgðar í aðildarríkjunum skulu aðildarríkin kveða á um skilvirk og letjandi viðurlög í réttu hlutfalli við brotið að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki ef lögboðin endurskoðun er ekki framkvæmd í samræmi við ákvæðin sem samþykkt eru með innleiðing þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríki skulu kveða á um að almenningur sé upplýstur með viðeigandi hætti um ráðstafanir sem gerðar eru og viðurlög sem beitt er gagnvart endurskoðendum og endurskoðunarfyritæki. Viðurlög skulu fela í sér möguleika á afturköllun viðurkenningar.

31. gr.

Ábyrgð endurskoðanda

Eigi síðar en 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu um áhrif gildandi innlendra reglna um ábyrgð að því er varðar framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á evrópskum fjármagnsmörkuðum og um tryggingarskilyrði að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki, þ.m.t. hlutlæg greining á takmörkunum fjárhagslegra skuldbindinga. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við almenning þegar við á. Í ljósi þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin beina tilmælum til aðildarríkjanna ef hún telur slíkt eiga við.

VIII. KAFLI

33. gr.

**OPINBERT EFTIRLIT OG TILHÖGUN REGLUSETNINGAR
HJÁ AÐILDARRÍKJUNUM**

32. gr.

Meginreglur við opinbert eftirlit

1. Aðildarríkin skulu skipuleggja skilvirkt kerfi fyrir opinbert eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum á grundvelli meginreglnanna sem settar eru fram í 2. - 7. mgr.
2. Allir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki skulu háð opinberu eftirliti.
3. Opinbera eftirlitskerfinu skal vera stýrt af endurskoðendum sem ekki starfa við endurskoðun og hafa þekkingu til að bera á sviðum sem tengjast lögboðinni endurskoðun. Aðildarríkin geta þó heimilað minnihluta starfandi endurskoðenda að taka þátt í stjórnun opinbera eftirlitskerfisins. Velja skal einstaklinga sem taka þátt í stjórnun opinbera eftirlitskerfisins samkvæmt óháðri og gagnsæri tilnefningaraðferð.
4. Starfsmenn opinbera eftirlitskerfisins skulu bera alla ábyrgð á eftirliti með:
 - a) viðurkenningu og skráningu á endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum,
 - b) samþykki á stöðlum um siðareglur starfsstéttar, innra gæðaeftirliti endurskoðunarfyritækja og endurskoðunar og
 - c) símenntun, gæðatryggingu og rannsóknar- og agaviðurlagakerfum.
5. Starfsmenn opinbera eftirlitskerfisins skulu hafa rétt á því, ef þörf krefur, að stýra rannsóknum í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki og rétt til að grípa til viðeigandi ráðstafana.
6. Opinbera eftirlitskerfið skal vera gagnsætt. Það felur m.a. í sér birtingu á árlegum vinnuáætlunum og skýrslum um starfsemi.
7. Opinbera eftirlitskerfið skal vera fjármagnað á fullnægjandi hátt. Fjármögnun opinbera eftirlitskerfisins skal vera tryggð og óháð hvers konar mögulegum ótilhlýðilegum áhrifum frá endurskoðendum eða endurskoðunarfyritækjum.

Samvinna opinberra eftirlitskerfa á vettvangi Bandalagsins

Aðildarríkin skulu tryggja að tilhögun reglusetningar fyrir opinber eftirlitskerfi veiti möguleika á skilvirkri samvinnu á vettvangi Bandalagsins að því er eftirlitsstarfsemi í aðildarríkjunum varðar. Sérhvert aðildarríki skal í því skyni fela einum aðila sérstaka ábyrgð á því að tryggja þetta samstarf.

34. gr.

**Gagnkvæm viðurkenninga á tilhögun reglusetningar hjá
aðildarríkjunum**

1. Í tilhögun reglusetningar í aðildarríkjunum skal farið eftir meginreglunni um að reglusetning sé í höndum heimalands og eftirlit sé í höndum þess aðildarríkis þar sem endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið eru viðurkennd og aðilinn, sem er endurskoðaður, er með skráða skrifstofu.
2. Þegar um er að ræða lögboðna endurskoðun samstæðureikninga getur aðildarríkið, sem krefst lögboðinnar endurskoðunar á samstæðureikningunum, ekki gert viðbótarkröfur gagnvart endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast lögboðna endurskoðun dótturfélags, sem er stofnað í öðru aðildarríki, í tengslum við lögboðna endurskoðun varðandi skráningu, gæðaeftirlit, endurskoðunarstaðla, siðareglur starfsstéttar og óháði.
3. Þegar um er að ræða félag, sem er með verðbréf sín skráð á skipulegan markað í öðru aðildarríki en því þar sem félagið er með skráða skrifstofu getur aðildarríkið þar sem viðskipti fara fram með verðbréfin ekki gert neinar viðbótarkröfur gagnvart endurskoðandanum eða endurskoðunarfyritækinu sem annast lögboðna endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikninga þess félags í tengslum við lögboðna endurskoðun varðandi skráningu, gæðaeftirlit, endurskoðunarstaðla, siðareglur starfsstéttar og óháði.

35. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríki skulu tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld til þess að sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu sína.
2. Lögbær yfirvöld skulu skipulögð þannig að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

36. gr.

Þagnarskylda og samstarf í reglusetningu milli aðildarríkja

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á viðurkenningu, skráningu, gæðatryggingu, rannsóknnum og eftirliti með að reglum sé hlýtt skulu vinna saman að því, þegar þörf krefur, að uppfylla skyldur hvers og eins samkvæmt þessari tilskipun. Lögbær yfirvöld í aðildarríki sem bera ábyrgð á viðurkenningu, skráningu, gæðatryggingu, rannsóknnum og eftirliti með að reglum sé hlýtt skulu veita lögbærum yfirvöldum í hinum aðildarríkjunum aðstoð. Einkum skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum og vinna saman að rannsóknnum í tengslum við framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar.

2. Kvöðin um þagnarskyldu skal gilda um alla einstaklinga sem starfa eða hafa starfað hjá lögbærum yfirvöldum. Ekki er heimilt að afhenda upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu, öðrum aðila eða yfirvaldi nema með skírskotun til laga, og stjórnsýslufyrirmæla sem aðildarríkin setja.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld skiptist á trúnaðarupplýsingum. Upplýsingar, sem þannig eru fengnar, eru háðar þagnarskyldu sem gildir um þá sem starfa eða hafa starfað hjá lögbærum yfirvöldum.

4. Lögbær yfirvöld skulu veita, samkvæmt beiðni og án óþarfra tafa, upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. Lögbær yfirvöld, sem veita slíkri beiðni móttöku skulu, ef þörf krefur og án óþarfra tafa, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afla upplýsinganna sem farið er fram á. Upplýsingar, sem veittar eru á þennan hátt, skulu háðar þagnarskyldu þeirra einstaklinga sem starfa eða hafa starfað hjá lögbæru yfirvöldunum sem veittu upplýsingunum viðtöku.

Ef lögbært yfirvald, sem beiðni er beint til, getur ekki veitt upplýsingarnar, sem krafist er, án óþarfra tafa skal það tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, um ástæður þess.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að neita að bregðast við beiðni um upplýsingar þegar:

a) það gæti haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu í aðildarríkinu, sem beiðninni er beint til, eða verið brot á innlendum öryggisreglum að veita upplýsingarnar eða

b) málarekstur hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu endurskoðendum eða endurskoðunarfyritækjum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem beiðninni er beint til eða

c) lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem veitir beiðninni móttöku hafa þegar tekið endanlega ákvörðun varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem beiðninni er beint til.

Með fyrirvara um skyldur lögbærra yfirvalda við málarekstur er þeim einungis heimilt, þegar þau taka við upplýsingum skv. 1. mgr., að nota þær við þau störf sín sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og í tengslum við málarekstur fyrir stjórnsýsludómstóli eða dómstóli sem sérstaklega er ætlað að sinna þessum viðfangsefnum

5. Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að starfsemi, sem brýtur í bága við ákvæði þessarar tilskipunar, fari fram eða hafi farið fram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki um niðurstöðu sína á eins nákvæman hátt og unnt er. Lögbært yfirvald í hinu aðildarríkinu skal grípa til viðeigandi aðgerða. Það skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem tilkynnir þetta, um niðurstöðuna og um mikilvæga þróun á meðan á þessu stendur, eftir því sem unnt er

6. Lögbæru yfirvaldi eins aðildarríkis er einnig heimilt að óska eftir að lögbært yfirvald annars aðildarríkis láti fara fram rannsókn á yfirráðasvæði hins síðarnefnda. Því er einnig heimilt að óska eftir að sumir starfsmanna þess fái að aðstoða starfsmenn lögbærs yfirvalds hins aðildarríkisins á meðan á rannsókninni stendur. Aðildarríkið, þar sem rannsóknin fer fram, skal bera alla ábyrgð á heildareftirliti með rannsókninni. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að neita að bregðast við beiðni um að rannsókn fari fram, eins og kveðið er á um í fyrsta undirlíð, eða, beiðni um að starfsmenn þeirra njóti aðstoðar starfsmanna lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki, eins og kveðið er á um í öðrum undirlíð, ef:

a) slík rannsókn gæti haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu aðildarríkisins sem veitir beiðninni móttöku,

b) málarekstur hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem veitir beiðninni móttöku, eða

X. KAFLI

c) lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, sem veitir beiðninni móttöku, hafa þegar tekið endanlega ákvörðun að því er varðar sömu aðgerðir gagnvart þessum einstaklingum.

SÉRÁKVÆÐI VEGNA LÖGBOÐINNAR ENDURSKOÐUNAR FYRIRTÆKJA SEM VARÐA HAGSMUNI ALMENNINGS

39. gr.

7. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdarráðstafanir í því skyni að auðvelda samstarf milli lögbærra yfirvalda við málsmeðferð við upplýsingaskipti og varðandi skilyrði fyrir rannsóknum yfir landamæri sem kveðið er á um í 2. til 4. mgr. í þessari grein.

Beiting sérákvæða að því er varðar óskráð fyrirtæki sem varða hagsmunum almennings

Aðildarríkjnum er heimilt að veita fyrirtækjum, sem varða hagsmunum almennings, sem hafa ekki gefið út framseljanleg verðbréf, sem eru skráð á skipulegan markað í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/39/EB og endurskoðanda eða endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki eða -fyrirtækjum þeirra, undanþágu frá einni eða fleiri kröfum í þessum kafla.

IX. KAFLI

TILNEFNING OG UPPSÖGN

40. gr.

37. gr.

Tilnefning á endurskoðendum og endurskoðunar-fyrirtækjum

1. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal tilnefnt á hluthafafundi hluthafa eða félagsmanna aðilans sem er endurskoðaður.

2. Aðildarríkin geta heimilað önnur kerfi eða skilyrði um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis ef þessi kerfi eða skilyrði eru með þeim hætti að þau tryggja að endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið sé óháð stjórnarmönnum í stjórn eða framkvæmdastjórn aðilans sem er endurskoðaður.

38. gr.

Uppsögn og lausnarbeiðni endurskoðenda og endurskoðunar-fyrirtækja

1. Aðildarríkin skulu tryggja að endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum sé ekki sagt vikið úr starfi nema af gildum ástæðum. Skoðanaágreiningur varðandi reikningshaldslega meðferð eða endurskoðunaraðferðir eru ekki gildar ástæður fyrir uppsögn.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að aðilinn, sem er endurskoðaður, og endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið, tilkynni yfirvaldi eða yfirvöldum, sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti, um uppsögn eða afsögn endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis á tilnefningartímabilinu og gefa fullnægjandi skýringar á ástæðum þessa.

Skýrsla um gagnsæi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers fjárhagsárs birti endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, sem annast lögboðna endurskoðun fyrirtækja sem varða hagsmunum almennings, árlegar skýrslur um gagnsæi á vefsetri sínu þar sem fram kemur a.m.k. eftirfarandi:

- a) lýsing á félagsformi og eignarhaldi,
- b) ef endurskoðunarfyrirtæki er hluti af neti, lýsing á netinu og lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi innan netsins,
- c) lýsing á stjórnunarkerfi endurskoðunarfyrirtækisins,
- d) lýsing á innri gæðaeftirlitskerfum endurskoðunar-fyrirtækisins og yfirlýsing frá stjórn eða framkvæmdastjórn um skilvirkni í starfsemi kerfisins,
- e) upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit, sem um getur í 29. gr., fór fram,
- f) skrá yfir fyrirtæki sem varða hagsmunum almennings sem endurskoðunarfyrirtækið hefur annast lögboðna endurskoðun á á næstliðnu fjárhagsári,
- g) yfirlýsing um óhæðisstefnu endurskoðunarfyrirtækisins þar sem einnig er staðfesting á að innri skoðun á því að reglum um óhæði sé fylgt hafi farið fram,
- h) yfirlýsing um þá stefnu sem endurskoðunarfyrirtækið fylgir varðandi simenntun endurskoðenda sem um getur í 13. gr.,

i) fjárhagslegar upplýsingar sem sýna stærð endurskoðunarfyrtækisins, þ.m.t. heildarveltu sundurliðaða eftir þóknun fyrir lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga og þóknun fyrir aðra gæðatryggingaþjónustu, skattaráðgjöf og aðra þjónustu en endurskoðun,

j) upplýsingar um grundvöllinn sem miðað er við í þóknun til meðeigenda

Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin ákveðið að beita ekki kröfunni í f-lið, að því marki sem nauðsynlegt er, til að draga úr yfirvofandi, verulegri ógnun við persónulegt öryggi sérhvers einstaklings.

2. Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki eftir atvikum. Það má t.d. gera með rafrænni undirskrift eins og skilgreint er í 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 1999/93/EB.

41. gr.

Endurskoðunarnefnd

1. Öll fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings skulu hafa endurskoðunarnefnd. Aðildarríki skal ákvarða hvort endurskoðunarnefndir skulu skipaðar stjórnarmönnum sem ekki eru framkvæmdastjórnar, og/eða stjórnarmönnum í eftirlitsstjórn aðilans sem er endurskoðaður og/eða fulltrúum sem eru tilnefndir á hluthafafundi aðilans sem er endurskoðaður. Að minnsta kosti einn nefndarmaður í endurskoðunarnefndinni skal vera óháður og skal hafa menntun og hæfi á sviði reikningsskila og/eða endurskoðunar.

Í fyrirtækjum sem varða hagsmuni almennings og uppfylla viðmiðanirnar í f-lið 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2003/71/EB⁽¹⁾ geta aðildarríkin heimilað að stjórn eða eftirlitsstjórn, sem heild, vinni þau verkefni sem endurskoðunarnefndinni eru falin, en þó að því tilskildu að þegar formaður slíkrar nefndar er starfandi í framkvæmdastjórn sé hann ekki formaður endurskoðunarnefndarinnar.

2. Með fyrirvara um ábyrgð stjórnarmanna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða aðra fulltrúa, sem eru tilnefndir á hluthafafundi af hluthöfum aðilans sem er endurskoðaður, skal endurskoðunarnefndin m.a.:

- a) hafa eftirlit með reikningsskilaferlinu,
- b) hafa eftirlit með skilvirkni í innra eftirliti félagsins, innri endurskoðun, þegar við á, og áhættustjórnunarkerfum,
- c) hafa eftirlit með lögboðinni endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga,

d) skoða og hafa eftirlit með óhæði endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins, einkum þegar aðilinn sem er endurskoðaður er veitt viðbótarpjónusta.

3. Í fyrirtækjum, sem varða hagsmuni almennings, skal tillaga stjórnar eða eftirlitsstjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.

4. Endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið skal gefa endurskoðunarnefndinni skýrslu um mikilvæg málefni, sem koma í ljós við lögboðnu endurskoðunina, einkum mikilvæga veikleika í innra eftirliti í tengslum við reikningsskilaferlið.

5. Aðildarríkin geta heimilað eða ákveðið að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr., gildi ekki um þau fyrirtæki, sem varða hagsmuni almennings, sem hafa stofnun, sem hefur með höndum sambærilegt hlutverk og endurskoðunarnefnd hefur og sett er á stofn og starfar í samræmi við ákvæði, sem sett eru í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið, sem á að endurskoða, er skráð. Þegar svo ber við skal greina frá því hvaða stofnun hjá aðilanum annast þessi störf og hvernig hann er samsettur.

6. Aðildarríki geta veitt eftirfarandi aðilum undanþágu frá þeirri skyldu að hafa endurskoðunarnefnd:

- a) fyrirtæki, sem varðar hagsmuni almennings, sem er dótturfélag, í skilningi 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, ef fyrirtækið uppfyllir kröfurnar í 1. - 4. mgr. þessarar greinar á vettvangi samstæðunnar,
- b) fyrirtæki, sem varðar hagsmuni almennings, sem er fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE. Aðildarríkin geta einnig veitt undanþágu fyrirtækjum, sem varða hagsmuni almennings, sem hafa það eitt að markmiði að fjárfesta sameiginlega fjármagn frá almenningi, starfa samkvæmt meginreglunni um áhættudreifingu og sækjast ekki eftir því að ná lagalegum eða stjórnunarlegum yfirlitum yfir neinum útgefendum undirliggjandi fjárfestinga sinna, að því tilskildu að þessi fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu hafi fengið leyfi lögbærra yfirvalda og séu undir eftirliti þeirra og að þau séu vörsluaðilar sem fara með sambærileg hlutverk og um getur í tilskipun 85/611/EBE.
- c) fyrirtækjum, sem varða hagsmuni almennings, sem hafa þann eina tilgang að starfa sem útgefandi verðbréfa tryggðum með eignum eins og þau eru skilgreind í 5. mgr. 2. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 809/2004⁽²⁾. Í slíku tilvikum skal aðildarríkið krefjast þess að fyrirtækin upplýsi almenning um af hvaða ástæðum það telur viðeigandi að hafa hvorki endurskoðunarnefnd eða stjórnar- eða eftirlitsaðila sem falið er að fara með hlutverk endurskoðunarnefndar,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

d) lánastofnanir, í skilningi 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 2000/12/EB, sem eru ekki með hluti sína skráða á skipulegan markað í neinu aðildarríki, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/39/EB og hafa, samfellt eða með endurteknum hætti, aðeins gefið út skuldabréf að því tilskildu að heildarnafnverð allra slíkra skuldabréfa sé undir 100.000.000 evrum og að þær hafi ekki birt útbods- og skráningarlýsingu samkvæmt tilskipun 2003/71/EB.

XI. KAFLI

ALÞJÓÐLEGIR ÞÆTTIR

44. gr.

42. gr.

Óhæði

1. Til viðbótar við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 22. og 24. gr., skulu aðildarríkin tryggja að endurskoðendur eða endurskoðunarfyritækja sem annast lögboðna endurskoðun fyrirtækja sem varða hagsmuni almennings:

a) staðfesti skriflega ár hvert við endurskoðunarnefndina að þeir séu óháðir endurskoðaða fyrirtækinu sem varðar hagsmuni almennings,

b) greini endurskoðunarnefndinni árlega frá hvers konar viðbótarþjónustu sem endurskoðaða aðilanum er veitt og

c) ræði við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun eins og þau skrá slíka ógnun skv. 3. mgr. 22. gr.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að skipt sé um aðalendurskoðanda eða –endurskoðendur, sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar, innan sjö ára að hámarki frá tilnefningu þeirra og að þeim sé ekki heimilt að taka aftur þátt í endurskoðun aðilans, sem er endurskoðaður, fyrr en að a.m.k. tveimur árum liðnum.

3. Endurskoðanda eða aðalendurskoðanda, sem annast lögboðna endurskoðun fyrir hönd endurskoðunarfyritækis, skal ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá aðilanum, sem er endurskoðaður, fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að hann sagði sig frá starfi endurskoðanda eða aðalendurskoðanda við þetta endurskoðunarverkefni.

43. gr.

Gæðatrygging

Gæðaeftirlitið, sem um getur í 29. gr., skal fara fram a.m.k. á þriggja ára fresti að því er varðar endurskoðendur eða endurskoðunarfyritækja, sem annast lögboðna endurskoðun fyrirtækja, sem varða hagsmuni almennings.

Viðurkenning á endurskoðendum frá þriðju löndum

1. Með fyrirvara um gagnkvæmni geta lögbær yfirvöld aðildarríkis viðurkennt endurskoðanda frá þriðja landi sem endurskoðanda ef þessi einstaklingur leggur fram sönnun þess að hann eða hún uppfylli jafngildar kröfur og þær sem mælt er fyrir um í 4. gr. og 6. - 13. gr.

2. Áður en lögbær yfirvöld aðildarríkis viðurkenna endurskoðanda frá þriðja landi, sem uppfyllir kröfurnar í 1. mgr., skulu þau beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 14. gr.

45. gr.

Skráning og eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunaraðilum í þriðju löndum

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríki skulu, í samræmi við 15. - 17. gr., skrá alla endurskoðendur og endurskoðunaraðila frá þriðju löndum, sem skila áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikninga fyrir félag, sem er skráð sem lögaðili utan Bandalagsins og er með framseljanleg verðbréf, sem eru skráð á skipulegan markað í því aðildarríki, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/39/EB, nema ef félagið gefur eingöngu út skuldabréf, sem eru skráð á skipulegan markað í aðildarríki, í skilningi b-liðar 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2004/109/EB⁽¹⁾, þar sem nafnverð hverrar einingar er a.m.k. 50 000 evrur eða, ef um er að ræða skuldabréf í öðrum gjaldmiðli, samsvarandi a.m.k. 50 000 evrum á útgáfudegi.

2. Ákvæði 18. og 19. gr. skulu gilda.

3. Endurskoðendur og endurskoðunarfyritækja, sem skráð eru í þriðju löndum, skulu heyra undir eftirlitskerfi, gæðatryggingarkerfi og rannsóknar- og viðurlagakerfi aðildarríkjanna. Aðildarríki er heimilt að veita endurskoðanda eða endurskoðunaraðila í þriðja landi undanþágu frá því að vera bundinn eftirliti gæðatryggingarkerfis þess ef annað aðildarríki eða gæðatryggingarkerfi þriðja lands, sem hefur verið metið jafngilt í samræmi við 46. gr., hefur annast gæðaeftirlit á hlutaðeigandi endurskoðanda eða endurskoðunaraðila í þriðja landi á næstliðnum þremur árum.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

4. Með fyrirvara um 46. gr. skulu áritanir endurskoðenda varðandi ársreikninga eða samstæðureikninga, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og gefnar út af endurskoðanda eða endurskoðunaraðilum í þriðja landi, sem eru ekki skráð í aðildarríkinu, ekki hafa neitt lagagildi í því aðildarríki.

5. Aðildarríki getur því aðeins skráð endurskoðunaraðila frá þriðja landi að:

a) það uppfylli kröfur sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr.,

b) meirihluti stjórnarmanna í stjórn eða framkvæmdastjórn endurskoðunaraðila í þriðja landi uppfylli kröfur sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 4. - 10. gr.,

c) endurskoðandi í þriðja landi, sem annast endurskoðun fyrir hönd endurskoðunaraðila í þriðja landi, uppfylli kröfur sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 4. - 10. gr.,

d) endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikninga, sem um getur í 1. mgr., fari fram í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, eins og um getur í 26. gr. og einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í 22., 24. og 25. gr. eða í samræmi við jafngilda staðla og kröfur,

e) það birti árlega á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi með upplýsingum sem um getur í 40. gr. eða það uppfylli jafngildar kröfur um birtingu upplýsinga.

6. Til að tryggja samræmda beitingu d-liðar 5. mgr. skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríkin, meta það jafngildi sem um getur þar og skal ákvörðun um það tekin af framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Þangað til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun þar að lútandi geta aðildarríkin metið það jafngildi sem um getur í d-lið 5. mgr. svo fremi að framkvæmdastjórnin hafi ekki tekið neina ákvörðun.

46. gr.

Undanþágur vegna jafngildis

1. Aðildarríki geta því aðeins valið að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. og 3. mgr. 45. gr. á grundvelli gagnkvæmni að endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækum frá þriðja landi lúti opinberu eftirlitskerfi, gæðatryggingarkerfi og rannsóknar- og viðurlagakerfi í þriðja landi sem standast kröfur sem jafngilda kröfunum í 29., 30. og 32. gr.

2. Í því skyni að tryggja samræmda beitingu ákvæða 1. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríkin, meta jafngildi sem um getur þar og skal ákvörðun um það tekin af framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Aðildarríkin geta metið jafngildi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða reitt sig á matið sem önnur aðildarríki framkvæma svo fremi að

framkvæmdastjórnin hafi ekki tekið neina ákvörðun. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að krefan um jafngildi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sé ekki uppfyllt getur hún heimilað hlutaðeigandi endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum að halda áfram endurskoðunarstarfsemi sinni í samræmi við þær kröfur aðildarríkjanna sem við eiga á viðeigandi aðlögunartímabili.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um:

a) mat sitt á jafngildi sem um getur í 2. mgr. og

b) helstu þætti í samstarfsfyrrkomulagi sínu við opinber eftirlitskerfi, gæðatryggingarkerfi og rannsóknar- og viðurlagakerfi í þriðju löndum á grundvelli ákvæða 1. mgr.

47. gr.

Samstarf við lögbær yfirvöld í þriðju löndum

1. Aðildarríki geta heimilað að vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja, sem þau hafa viðurkennt, séu send lögbærum yfirvöldum í þriðja landi að því tilskildu:

a) að þessi vinnuskjöl við endurskoðun, eða önnur skjöl, tengist endurskoðun á þeim félögum sem hafa gefið út verðbréf í þessu þriðja landi eða þau séu hluti af samstæðu sem gefur út lögboðna samstæðureikninga í þessu þriðja landi,

b) flutningurinn fari fram með milligöngu lögbærra yfirvalda í heimalandinu til lögbærra yfirvalda í þriðja landi sem um ræðir og að þeirra beiðni,

c) lögbær yfirvöld í þriðja landinu sem um ræðir uppfylli þær kröfur sem lýst hefur verið yfir að séu fullnægjandi í samræmi við 3. mgr.,

d) fyrir hendi sé vinnufyrirkomulag á grundvelli samkomulags um gagnkvæmni milli viðkomandi lögbærra yfirvalda,

e) flutningur persónuupplýsinga til þriðja lands sé í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB.

2. Vinnufyrirkomulagið, sem um getur í d-lið 1. mgr., skal tryggja að:

a) lögbær yfirvöld veiti nægan rökstuðning fyrir beiðni sinni um vinnuskjöl við endurskoðunina og önnur skjöl,

b) einstaklingar, sem starfa eða hafa starfað hjá lögbæru yfirvaldi í þriðja landi sem veitir upplýsingunum viðtöku, séu bundnir þagnarskyldu,

c) lögbær yfirvöld í þriðja landi geta einungis notað vinnuskjölin um endurskoðunina og önnur skjöl til að gegna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, gæðatryggingu og rannsóknir sem uppfylla kröfur sem eru jafngildar kröfunum í 29., 30. og 32. gr.,

d) hafna má beiðni frá lögbæru yfirvaldi í þriðja landi um vinnuskjöl um endurskoðun eða önnur skjöl, sem endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækni hefur undir höndum, ef:

— það myndi hafa neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu Bandalagsins eða aðildarríkisins, sem veitir beiðninni móttöku, að láta af hendi þessi vinnuskjöl eða önnur skjöl eða

— málarekstur hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem veitir beiðninni móttöku.

3. Til þess að auðvelda samstarf lögbærra yfirvalda skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ákvæði um viðmiðanir, sem um getur í c-lið 1. mgr., séu fullnægjandi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Mat á því hvort viðmiðanirnar séu fullnægjandi skal fara fram í samstarfi við aðildarríkin og skal miðast við kröfurnar í 36. gr. eða raunverulegar niðurstöður sem eru í meginatriðum jafngildar. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. Í undantekningartilvikum og þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríkin heimilað endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum, sem þau hafa viðurkennt, að afhenda vinnuskjöl um endurskoðun og önnur skjöl beint til lögbærra yfirvalda í þriðja landi að því tilskildu að:

a) rannsókn lögbærra yfirvalda hafi hafist í þessu þriðja landi,

b) flutningurinn brjóti ekki í bága við skyldur sem endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum er gert að fara að í tengslum við sendingu vinnuskjala um endurskoðun og annarra skjala til lögbærs yfirvalds þeirra í heimalandi,

c) fyrir hendi sé vinnufyrirkomulag við lögbær yfirvöld í þriðja landi sem gerir lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu kleift að hafa beinan gagnkvæman aðgang að vinnuskjölum við endurskoðun og öðrum skjölum endurskoðunarfyrtækja í þriðja landi,

d) lögbæra yfirvaldið í þriðja landinu, sem leggur fram beiðnina, láti lögbært yfirvald endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins í heimalandinu vita fyrir fram um sérhverja beina beiðni um upplýsingar og greinir frá ástæðum fyrir henni,

e) skilyrðin, sem um getur í 2. mgr., séu uppfyllt.

5. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr., tilgreint sérstaklega undan-

tekningartilvikin, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, í því skyni að auðvelda samstarf milli lögbærra yfirvalda og til að tryggja samræmda beitingu ákvæða 4. mgr. þessarar greinar.

6. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um vinnufyrirkomulagið sem um getur í 1. og 4. mgr.

XII. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

48. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanirnar, sem þegar hafa verið samþykktar og að undanskildum ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í 26. gr., skulu ákvæði þessarar tilskipunar um samþykkt tæknireglu, breytinga og ákvarðana, í samræmi við 2. mgr., falla úr gildi tveimur árum eftir gildistöku hennar og eigi síðar en 1. apríl 2008. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, og skulu þau endurskoða þau áður en tímabilinu, sem um getur hér að framan, lýkur.

49. gr.

Breyting á tilskipun 78/660/EBE og tilskipun 83/349/EBE

1. Tilskipun 78/660/EBE er hér með breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 43. gr. bætist eftirfarandi liður við:

15) „aðskilið, heildarþóknun endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis á fjárhagsárinu fyrir lögboðna endurskoðun ársreikninga, heildarþóknun fyrir aðra gæðatryggingarþjónustu, heildarþóknun fyrir skattaráðgjöf og heildarþóknun fyrir aðra þjónustu en endurskoðun.

Aðildarríki geta kveðið á um að þessi krafa gildi ekki ef félagið fellur undir samstæðureikninga, sem krafist er að gerð séu skv. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, að því tilskildu að þessar upplýsingar séu tilgreindar í skýringum við samstæðureikninga.“,

b) í stað 1. mgr. 44. gr. komi eftirfarandi:

1. Aðildarríkin geta leyft félögunum, sem um getur í 11. gr., að setja fram stytta skýringar með reikningsskilum sínum en þó ekki upplýsingarnar sem krafist er skv. 5.–12. lið 1. mgr., 14. lið a. og 15. lið í 43. gr. Í skýringunum skulu þó koma fram heildarupplýsingar um öll atriði sem eru tilgreind í 6. lið 1. mgr. 43. gr.“,

c) í stað 2. mgr. 45. gr. komi eftirfarandi:

2. „Ákvæði b-liðar 1. mgr. skulu einnig gilda um upplýsingar sem tilgreindar eru í 8. lið 1. mgr. 43. gr.

Aðildarríkin geta heimilað félögunum, sem um getur í 27. gr., að sleppa að greina frá upplýsingunum sem tilgreindar eru í 8. lið 1. mgr. 43. gr. Aðildarríkin geta einnig heimilað félögunum, sem um getur í 27. gr., að sleppa að greina frá upplýsingunum sem tilgreindar eru í 15. lið 1. mgr. 43. gr. að því tilskildu að þessar upplýsingar sé afhentar opinbera eftirlitskerfinu, sem um getur í 32. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga (*) þegar opinbert eftirlitskerfi fer fram á slíkt.“

(*) Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

2. Eftirfarandi liður bætist við í 34. mgr. í tilskipun 83/349 EBE:

16) „Aðskilið, heildarþóknun endurskoðanda eða endurskoðunarfyriertækis á fjárhagsárinu fyrir lögboðna endurskoðun samstæðureikninga, heildarþóknun fyrir aðra gæðatryggingarþjónustu, heildarþóknun fyrir skattaráðgjöf og heildarþóknun fyrir aðra þjónustu en endurskoðun.“

50. gr.

Niðurfelling tilskipunar 84/253/EBE

Tilskipun 84/253/EBE falli úr gildi frá og með 29. júní 2006. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

51. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Litið skal svo á að endurskoðendur eða endurskoðunarfyriertæki, sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna viðurkenndu í samræmi við tilskipun 84/253/EBE, fyrir gildistöku ákvæðanna sem um getur í 1. mgr. 53. gr., hafi verið viðurkennd í samræmi við þessa tilskipun.

52. gr.

Lágmarkssamræming

Aðildarríkjum, sem gera kröfu um lögboðna endurskoðun, er heimilt að setja strangari kröfur nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

53. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. júní 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

54. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi oðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

55. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 17. maí 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. WINKLER

forseti.